

Leiðbeiningar um skólastarf í framhaldsskólum

m.t.t. auglýsingar um takmörkun skólastarfi vegna farsóttar, nr. [811/2020](#), og reglugerðar nr. [864/2020](#).

Almennt

- Skólar og framhaldsfræðsluaðilar bera ábyrgð á að farið sé eftir sóttvarnareglum sem eru í gildi hverju sinni með öryggi og velferð nemenda, kennara og starfsfólks að leiðarljósi.
- Skólar og framhaldsfræðsluaðilar starfa í samræmi við nám- og kennsluskrár en námsskipulag og framkvæmd getur breyst í takt við skilgreind áhættustig og takmarkanir.
- Mikilvægt er að skólar fylgist vel með liðan nemenda sinna og hafi yfirsýn yfir þá sem þurfa sérstakan stuðning.
- Sýna ber fyllstu tillitssemi og varkárni gagnvart nemendum, kennurum og starfsfólki í áhættuhópum.
- Áhersla er lögð á gott upplýsingaflæði til nemenda, forráðamanna, kennara og starfsfólks um stöðu mála, úrræði og stuðning sem í boði er.
- Hvað varðar nemendur í áhættuhópum, þar sem umönnun eða kennsla krefst nándar og ekki er hægt að virða gildandi nándarreglu, er mikilvægt að haft sé sérstakt og viðvarandi samráð milli aðstandenda/ábyrgðaaðila og skóla um fyrirkomulag skólavistar og náms.
- Í hverjum skóla skal vera til staðar viðbragðsáætlun ef upp kemur smit eða grunur um slíkt. Leiðbeiningar þegar upp kemur smit eru að finna [hér](#).

Spurningar og svör

Hvaða sóttvarnaráðstafanir skal gera í framhaldsskólum?

1. Um öll svæði gildir að nemendur, kennarar og annað starfsfólk á ekki að koma inn á svæði ef þau:
 - a. Eru í sóttkví.
 - b. Eru í einangrun (einnig meðan beðið er niðurstöðu sýnatöku).
 - c. Hafa verið í einangrun vegna COVID-19 smits og ekki eru liðnir 14 dagar frá útskrift.
 - d. Eru með einkenni (kvef, hósta, hita, höfuðverk, bein- eða vöðvaverki, þreytu).
2. Sameiginlega snertifleti þarf að þrifa og sótthreinsa a.m.k. daglega eða oftár eftir aðstæðum.
3. Sótthreinsa skal sameiginlegan búnað og snertifleti þegar nýr nemendahópur kemur í kennslustofu. Mælt er til að notaðir séu hanskar ef ekki er hægt að koma við handþvotti fyrir og eftir notkun þegar margir nota sömu vélar og tæki.
4. Lögð skal áhersla á einstaklingsbundnar sóttvarnir, s.s. handþvott og sótthreinsun.
5. Takmarka skal gestagang í skólum eins og kostur er. Brýna þarf fyrir gestum í skólunum að gæta yfstrustu varkárni og virða reglur um sóttvarnir.
6. Mælt er til þess að veggspjöld til áminningar séu hengd upp í skólabyggingum. (Sjá: <https://www.covid.is/veggspjold>).
7. Bent er á [upplýsingar fyrir starfsmenn bókasafna](#) sem nýtast ættu bæði í skólastofum og skólabókasöfnum.

Hvaða nándarmörk eru í gildi?

1. Nándarmörk í öllu húsnæði skóla/fræðsluaðila eru minnst 1 metri, s.s. í sameiginlegum rýmum, skrifstofum, mötuneytum, veitingasölu, íþróttahúsum og í bóklegum og verklegum kennslustofum. Jafnframt er þar átt við að nemendum, kennurum og starfsfólki beri að tryggja a.m.k. eins metra bil sín í milli í öllu skólastarfi.
2. Til að hægt sé að halda nándarmörk þarf að tryggja að of margir nemendur safnist ekki saman í sameiginlegum rýmum. Gangar eru eingöngu ferðarými á milli stofa.

7. september 2020

3. Við aðstæður þar sem ekki er hægt að framfylgja nándarreglunni, s.s. í verklegri kennslu, listkennslu og klínísku námi skal nota andlitsgrímu sem hylur munn og nef. Við þær aðstæður skal leitast við að bæði kennari og nemandi beri grímu. [Tryggja þarf rétta notkun andlitsgrímunnar.](#)
4. Nándarmörk taka ekki til barna sem eru fædd árið 2005 og síðar.

Hvernig er fjöldatakmörkun útfærð í framhaldsskólum?

Framhaldsskólar gegna mikilvægu samfélagslegu hlutverki og fræðsluskylda er til 18 ára aldurs. Markmið útfærslunnar er að sem flestir nemendur geti stundað nám sitt í framhaldsskólum og koma í veg fyrir brotthvarf með ítrustu sóttvarnarsjónarmið að leiðarljósi.

Nemendur í framhaldsskólum dreifast í ólík fög. Skipuleggja skal staðnám þannig að hver nemandi umgangist færri einstaklinga en fjöldatakmörkanir gilda um án þess að skilgreina sóttvarnarhólf. Þá er sérlega mikilvægt að aðrar smitvarnariðir séu nýttar til hins ítrasta.

1. Framhaldsskólustarf er skipulagt þannig að hægt sé að fylgja nándarreglu alls staðar í skólabyggingum. (Sjá nánari upplýsingar um starfsnám, listnám, starfsbrautir og heimavistir)
2. Sameiginlegir snertifletir í kennslustofum eru sótthreinsaðir milli nemendahópa.
3. Alltaf þegar mögulegt er eru myndaðir fastir hópar/bekkir sem ekki hitta aðra hópa.
4. Gangar eru eingöngu ferðarými á milli stofa.
5. Skólabókasöfn fara eftir leiðbeiningum um bókasöfn.
6. Miðrými eru lokað nema ef mögulegt er að sjá til þess að nándarregla sé virt, t.d. með því að breyta þeim í lærdómshorn þar sem eru kennsluborð og stólar sem uppfylla nándarreglu og sóttvarnir.
7. Mælst er til að dreifa nemendum á fasta innganga í skólabyggingu.
8. Hvatt er til þess að íþróttakennsla fari fram utandyra. Að öðru leyti skal fara eftir sóttvarnareglum um íþróttastarf.

Hvaða stuðningur er í boði fyrir nemendur vegna COVID-19?

1. Skólar auglýsa fyrirkomulag stoðþjónustu á heimasíðu sinni.
2. Nemendur eru hvattir til að nýta sér stoðþjónustu skólanna.

Hvaða áhrif hefur nándarregla um minnst eins metra fjarlægð á nemendur í verk- og listnámi?

1. Við aðstæður þar sem ekki er hægt að framfylgja nándarreglunni, s.s. í verklegri kennslu skal nota andlitsgrímu sem hylur munn og nef. Við þær aðstæður skal leitast við að bæði kennari og nemandi beri grímu. [Tryggja þarf rétta notkun andlitsgrímunnar.](#)
2. Nemendur mega sækja vettvangsnám, starfsþjálfun eða heimsóknir á vinnustaði í tengslum við námið, enda sé þar farið eftir reglum um sóttvarnir.
3. Nemendur geta spilað á skólatónleikum svo fremi hægt sé að virða fjöldatakmörkanir og nándarreglu. Tryggja skal að hægt sé að hafa a.m.k. 1 metra fjarlægð á milli fólks.

Hvaða áhrif hefur fjöldatakmörkun og nándarregla á starfsbrautir fyrir fatlaða í framhaldsskólum?

1. Sótthreinsa skal sameiginlegan búnað og snertifleti þegar nýr nemendahópur kemur í kennslustofu og annars staðar a.m.k. einu sinni á dag.
2. Jafnframt er lögð áhersla á einstaklingsbundnar sóttvarnir, s.s. handþvott og sótthreinsun.
3. Nándarmörk eru a.m.k. einn metri án þess sé krafist að andlitsgrímur séu notaðar.
4. Til að hægt sé að halda nándarmörk þarf að tryggja að of margir nemendur safnist ekki saman í sameiginlegum rýmum.
5. Við aðstæður þar sem ekki er hægt að framfylgja nándarreglunni skal leitast við að nota andlitsgrímu sem hylur munn og nef. [Tryggja þarf rétta notkun andlitsgrímunnar.](#)

7. september 2020

6. Nemendur mega sækja starfsþjálfun eða heimsóknir á vinnustaði í tengslum við námið, enda sé þar farið eftir reglum um sóttvarnir.
7. Hvað varðar nemendur með undirliggjandi sjúkdóma, þar sem umönnun eða kennsla krefst nándar og ekki er hægt að virða gildandi nándarmörk, er mikilvægt að haft sé sérstakt og viðvarandi samráð milli aðstandenda/ábyrgðaaðila og skóla um fyrirkomulag skólavistar og náms.
8. Bent er á [leiðbeiningar fyrir velferðarþjónustu sveitarfélaga](#) og á [leiðbeiningar til fatlaðs fólks með NPA, aðra notendasamninga og aðstoðarfólks þeirra](#).

Mega mötuneyti og veitingasölur starfa með hefðbundnum hætti?

1. Gæta þarf að gildandi reglum um fjöldatakmörkanir í hverju rými.
2. Mikilvægt er að huga vel að þrifum og sótthreinsun í sameiginlegum rýmum. Sótthreinsa skal borð milli matargesta.
3. Þar sem hólfaskipting á við og fleiri en eitt hólf notar sama mötuneyti þarf að gæta þess að nemendur í mismunandi hölfum hittist ekki og að sérstaklega vel sé sótthreinsað áður en nýtt hólf fær aðgang að mötuneytinu.

Mega heimavistir starfa með hefðbundnum hætti?

1. Heimavist er heimili nemenda og þar ber að huga vel að sóttvörnum. Nemendur á heimavist sem deila herbergi eru skilgreindir sem tengdir einstaklingar.
2. Almennit skulu nemendur á heimavist gæta að nándarreglu um minnst eins metra fjarlægð, líkt og í öðru skólastarfi. Nýta má sameiginlega hreinlætisaðstöðu og sameiginleg rými á heimavist.
3. Ef íbúar á heimavist eru fleiri en gildandi fjöldatakmörkanir kveða á um þarf að skipta vistinni upp í hólf og tryggja að enginn samgangur (blöndun) sé á milli hólfra og horfa þá einnig til þess hvernig hópaskiptingu er háttað í almennu skólastarfi. Auðvelt aðgengi að handþvottaaðstöðu og handspritti þarf að vera til staðar. Hvert skilgreint hólf þarf að vera greinilega aðskilið. Þau þurfa að hafa eigin inngang og útgang og enginn samgangur er heimilaður á milli hólfra. Salerni þurfa að vera aðskilin fyrir hvert hólf.

Má halda viðburði á vettvangi skólanna? Ef svo, hvaða skilyrði eða viðmið eru í gildi?

1. Mælt er til þess að halda ekki viðburði á vettvangi skólanna sem eru ótengdir kennslu eða félagslífi nemenda viðkomandi skóla, enda skal takmarka gestagang í skólum eins og kostur er.
2. Um samkomur innan skólabygginga gildir að allir verða að virða gildandi fjöldatakmörkanir og tryggja þarf að allir geti virt nándarreglu um minnst eins metra fjarlægð sín í milli.
3. Þá er brýnt að tryggja aðgengi að aðstöðu til handþvotta og sótthreinsunar, og gæta fyllsta hreinlætis.